



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

**Umsögn Norðurorku hf. um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003,
328 mál.**

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.
Norðurorka hf. telur að sumt það sem lagt er til sé til bóta en annað jafnvel ótækt.
Norðurorka hf. vísar einnig til áður gerðra athugasemda frá fyrirtækinu, eftir því sem við á, við upphaflegt frumvarp til raforkulaga og tillögur að breytingum á raforkulögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Ekki eru athugasemdir við þessa grein sem teljast verður nauðsynleg varúðarráðstöfun til að tryggja raforkuflutning um landið.

2. gr.

a. liður, ekki eru athugasemdir við þennan lið.

b. liður, Norðurorka gerir ekki sérstakar athugasemdir við þennan lið.

c. liður. Við 4. mgr. Í stað þess sem lagt er til í frumvarpinu, bætist nýr málslíður við, svohljóðandi: **Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfinu skal miðast við þá raforku sem flutt er af flutningsfyrirtækinu til dreifiveitunnar.** Ekki er eðlilegt að litlar virkjanir sem framleiða beint inn á dreifikerfi greiði gjald fyrir úttekt. Þessar virkjanir greiða aftur á móti gjald fyrir innmötun og í því gjaldi er greitt fyrir varaafli og reiðuafl. Ef tekin er út meiri raforka frá flutningskerfi en áætluð pöntun segir til um er umframorkan greidd sem jöfnunarorka. Það eru því engin rök fyrir að flutningsfyrirtækið taki úttektargjald af framleiðslu smávirkjana sem framleiða beint inn á dreifikerfi.

d. liður. 5. mgr. verði óbreytt frá núgildandi lögum nema að innmötunargjald smærri virkjana sem tengjast dreifiveitu beint, skal skipt i tilteknum hlutföllum milli flutningsfyrirtækis og dreifiveitu. Óþarf er að búa til í lagatexta ákvæði sem valdið geta deilum.

e. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið

3. gr.

a. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið.

b. liður. Norðurorka gerir ekki sérstaka athugasemd við þennan lið.

c. liður. Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan lið.

4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina.

5. gr.

Ekki eru sérstakar athugasemdir við anda greinarinnar en Norðurorka telur þó að greinin sé óþörf.

6. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina.

7. gr.

Lagt er til að árinu 2007 verði bætt við heimildir Orkustofnunar og fyrirtækjanna. Að mati Norðurorku er æskilegt að sama gildi fyrir árið 2007 og 2006. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að bókhaldsgögn árána sem miðað er við eru ekki í öllum tilvikum marktæk og líklegt að viðmiðun við árið 2004 kunni í einhverjum tilvikum að reynast ófullnægjandi en árið 2005 verður marktæk viðmiðun.

Að lokum.

Norðurorka leggur ríka áherslu á að tillögum, sem koma fram í c. lið annarrar greinar um úttektargjald, verði breytt enda er rökstuðningur sem fram kemur fyrir þeirri breytingu í athugasemdum með frumvarpinu hæpinn og getur orðið til þess að hagkvæmir virkjunarkostir verði ekki nýttir.

Norðurorku er kunnugt um að aðrir hafa sent inn athugasemdir sem ganga í svipaða átt og athugasemdir Norðurorku hf.


Norðurorka treystir því að tekið verði tillit til athugasemda fyrirtækisins og annarra svipaðra athugasemda.

Óásættanlegt er að "smávirkjanir" sem þegar hafa verið byggðar og hafa samið um raforkusölu verði gerðar óhagkvæmar með lagaboði.

Virðingarfyllst,

Akureyri 6. desember 2004.

Fh. Norðurorku hf.



Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.